

STF-2018-08 Siglutré í Hólmi

Markmið: Markmiðið með verkefninu er að staðfesta eða hafna þeirri kenningu að tré sem fannst í landi Hólms milli 1870-1880 sé fornt siglutré eins og talið var á sínum tíma. Nýlega kom fram að til er hlutur úr siglutrénu og verður það greint til tegunda og aldursgreint. Reynist viðurinn eldri en 1000 ára gamall og viðartegundin gæti verið siglutré styður það kenninguna. Slíkt væri stórmerkilegt og myndi vekja mikla athygli bæði sagnfræðilega og jarðfræðilega en í dag eru um 20 km frá fundarstað að sjó. Einnig verður staðurinn sem tréð fannst á skráður nákvæmlega og farið með málmस्कynjara á staðinn. Verkefnið krefst samvinnu milli ýmissa aðila svo sem Fótspora, Skógasafns, Minjastofnunar, heimamanna og sérfræðinga í tegundagreiningum og aldursgreiningum.

Lýsing: Verkefnið felur í sér að safna saman munnlegum og skriflegum heimildum um siglutréd en síðan siglutréd fannst milli 1870 og 1880 hafa verið kenningar um að þarna undir séu leifar af æfafornu skipi sem strandað hafi í firði sem til var áður en jökulár hlóðu fram ströndina og nútímahraun lögðust þar ofan á (sjá frekar í sjónvarpsþættinum Ferðstíklur mínútu 22 og áfram, linkur <http://www.ruv.is/frett/vestur-skaftafellssysla>) Góðar upplýsingar eru til um stærð og lögun trésins þegar það fannst og er þær skráðar í grein sem birtist í Lesbók Morgunblaðsins 10. apríl 1932. Í siglutrénu var góður smíðaviður og nýlega kom fram að gjarðir á ámu sem varðveitt er á Skógasafni séu úr siglutrénu. Áman er smíðuð af Ásgrími Bjarnasyni bónda í Ytri-Dalbæ (f. 1804 d 1880) fór áman síðan til dóttur hans Steinunnar sem bjó að Svínholti en var síðar flutt að Mörtungu þar sem dætur Steinunnar bjuggu. Var áman í Mörtungu þar til hún var flutt að Skógum um miðja síðustu öld. Með nútímataekni og aðstoð sérfræðinga er í dag hægt að greina tréð til tegunda og aldursgreina viðinn. Þannig er hægt að skoða frekar kenningar forfeðra okkar og nota tækni sem þá var ekki þekkt. Ef í ljós kemur að viðurinn er meira en 1000 ára gamall og tegundargreiningin leiðir í ljós að þarna er lindifura líkt og talið var í fyrstu eða önnur tegund sem notuð var í siglutré er búið að styrkja þá kenningu að þarna hafi siglutré komið upp úr árfarveginum. Auk þess að kanna viðinn betur verður leitað til heimildamanna í héraði til að skrá eins nákvæmlega og hægt er hvar siglutréd fannst. Það er enn hægt að gera en þeim sem þekkja staðinn þar sem tréð fannst fer fækkandi og því mikilvægt að skrá staðinn með eins mikilli nákvæmni og hægt er. Ætlunin er að skoða svo svæðið með málmस्कynjara en hugsanlegt er að hann skynji málm frá skipinu og væri þá hægt að gera staðsetninguna nákvæmari. Ef niðurstöður lofa góðu væri best að rannsaka svæðið með geo-radar eða jarðsjá og sjá hvort hægt sé að kortleggja tréverk undir yfirborðinu. Niðurstöður sem myndu styðja að þarna hafi verið um siglutré að ræða eru ekki aðeins merkilegar að því leyti að hingað hafi komið skip löngu fyrir landnám heldur renna þær niðurstöður einnig stoðum undir þær kenningar sem oft heyrast í samfélaginu að við landnám hafi firðir legið inn í landið þar sem nú eru miklar sandfjörur. Myndu slíkar niðurstöður vekja mikla athygli og kalla á frekari rannsóknir. Auk þess hefði slík uppgötvun sögulegt og menningarlegt gildi og myndi styðja við menningu og menningartengda ferðapjónustu á svæðinu. Í lok verkefnis verða allar upplýsingar sem safnað var skráðar og niðurstöður rannsóknarinnar birtar. Fer það eftir niðurstöðum rannsóknarinnar hvar þær verða settar fram.

Verkefninu var úthlutað kr. 500.000.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.